

unarinna til fjörunnar er litið, að refsa stefnda fyrir ólöglega sjálfstöku í þessu máli eða fyrir annað saknæmt gjörræði, og verður sektarkrafa áfrýjanda á hendur honum því heldur eigi tekin til greina. Það verður samkvæmt þessu að staðfesta aukaréttardóminn að öllu leyti. Þar eð stefndi eigi mætti fyrir yfirdóminum, verður málskostnaður fyrir þessum rétti að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður.
Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Mánudaginn 20. októbermánaðar.

Nr. 27/1902:

Réttvísinn

gegn

Jens Fr. Jensen.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Ísafjarðarkaupstaðar, gengnum 7. júní þ. á., var hinn ákærði Jens Fr. Jensen dæmdur fyrir þjófnað til að sæta fangelsishegningu við vatn og brauð í 4×5 daga og til að greiða allan af vralinu löglega leiðandi kostnað, þar með talin varnarlaun til talsmanns hans í héraði Björns Árnasonar bæjarfulltrúa, 8 kr. Dómi þessum hefir hlutadeigandi amtmaður áfrýjað til landsyfirréttarins.

Með eigin játning hins ákærða, er styðst við aðrar skýrslur, er fengar eru í málinu, er það

löglega sannað, að hann nóttina milli 17. og 18. apríl þ. á. fór inn í verzlunarbúð Leonh. Tangsverzlunar á Ísafirði með þeim hætti, að hann klifr-
aði yfir girðingu við búðina og er hann var kom-
inn inn fyrir hana (inn í portið) reif hann frá
hlemm, sem negldur var fyrir rúðuop á glugga og
smaug inn um opið inn í búðina. Var það ásetn-
ingur hans, að reyna að ná sér í ölföng í búðinni.
Úr konjakstunnu í búðinni, sem krani var í, tók
hann á flösku, er hann hafði meðferðis, og þar að
auki drakk hann nokkuð af konjaki. Að því
búnu opnaði hann peningaskúffuna, sem hann vissi
hvar var, og tók úr henni peninga þá, sem í
henni voru; það er ekki fengin full vissa fyrir,
hve mikið var í skúffunni, en miklar líkur eru
til þess, að ekki hafi verið meira fé í henni en
10 kr.

Ákærði er kominn langt yfir lögaldur saka-
manna og hefir eigi áður verið refsað fyrir neinn
glæp. Hann er hneigður mjög til ofdrykkju og
var töluvert drukkinn, þegar hann framdi þjóf-
aðinn, og virðist eftir atvikum málsins ástæða til
að taka tillit til þessa ástands hans, þegar ákveðin
er refsing hans. Afbrot hans er því af undirdóm-
aranum réttilega heimfært undir 231. gr. 4 í alm.
hegningarlögum 25. júní 1869, sbr. 40. gr. þeirra,
og þykir af honum hæfilega ákveðin 4×5 daga
fangelsi við vatn og brauð. Með því að yfirdóm-
urinn einnig felst á málskostnaðarákvæði dómsins
— en um iðgjöld er ekki að ræða, þar sem þeirra
hefir eigi verið krafist — ber að staðfesta hinn á-

frýjaða dóm að öllu leyti. Akærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfærslulaun sóknara og svaramanns við yfirdóminn, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og sókn og vörn í málinu við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Ákærði Jens Fr. Jensen ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svaramanns í málinu fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fulluægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 3. nóvembermánaðar.

Nr. 17/1902:

Réttvísinn

gegn

Sturlu Vilhjálmssyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Suður-Múlasýslu, gengnum 28. febr. þ. á., var ákærði Sturla Vilhjálmsson frá Dölum í Fáskrúðsfirði dæmdur fyrir stórþjófnað og brennu eftir 231. og 282. gr. í almennum hegningarlögum fyrir Ísland 25. júní 1869 til að sæta 8 ára tyftunarhúsvinnu, til að borga iðgjöld 2280 kr. 84 a., svo og allan af málinu og varðhaldi